

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/71

2016/EES/44/22

frá 26. janúar 2016

um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1-metýlsýklóprópen, flóníkamíð, flútríafól, indólýledíksýru, indólýlsmjörkýru, petoxamíð, pírimíkarb, próbíókónasól og teflúbensúrón í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 14. gr. (a-lið 1. mgr.), 18. gr. (b-lið 1. mgr.) og 49. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka og B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir 1-metýlsýklóprópen og petoxamíð. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir flóníkamíð, flútríafól, pírimíkarb, próbíókónasól og teflúbensúrón. Engin hámarksgildi leifa voru fastsett fyrir indólýledíksýru og indólýlsmjörkýru í reglugerð (EB) nr. 396/2005 og þar eð þessu virku efni hafa ekki verið færð á skrá í IV. viðauka við þá reglugerð gildir staðalgildi, sem nemur 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Að því er varðar 1-metýlsýklóprópen lagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“, fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. ⁽²⁾. Hún mælti með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa.
- 3) Að því er varðar flóníkamíð lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ⁽³⁾. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir kartöflur, vöðva úr svínun og fuglseggi. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir sítrusáxexti, kirsuber, plómur, tómatu, eggaldin, dvergbíta, aldin plantna af graskersætt með óætu hýði, rúg, hveiti og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 20, 27.1.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2014 „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for 1-methylcyclopropene according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3746.

⁽³⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for flonicamid according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(6), 3740.

humla og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að engar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi hámarksgildi leifa fyrir apríkósur, bygg og hafra og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

- 4) Að því er varðar flútríafól lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 ⁽⁴⁾. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir kirsuber, jólasalat, jarðhnetur, byggkorn, rúgkorn, hveitikorn og sykurrófur (rætur). Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir kjarnaávesti, vínþrúgur, jarðarber, rauðrófur, tómata, melónur, vatnsmelónur, hrisgrjón og lifur úr svínunum, nautum, kindum og geitum og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að engar upplýsingar væru fyrir hendi varðandi hámarksgildi leifa fyrir sykurmaís, blaðbeðju, ertur (ferskar, án fræbelgs), linsubaunir (ferskar), spergla, belgávesti (purra), maiskorn og hafrakorn og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 5) Að því er varðar indólýlediksýru lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/941/EB ⁽⁵⁾ er kveðið á um að færa indólýlediksýru ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽⁶⁾. Að teknu tilliti til þess að notkun indólýlediksýru er ekki lengur leyfð innan Sambandsins og ekki hefur verið tilkynnt um að notkun sé leyfð í þriðju löndum og með tilliti til náttúrulegra gilda indólýlediksýru í plöntum þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa við gildi sem er ekki yfir náttúrulegu gildunum en er samt öruggt fyrir neytendur.
- 6) Að því er varðar indólýlsmjörksýru lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Að teknu tilliti til þess að notkun indólýlsmjörksýru er einungis leyfð til notkunar á nytjaplöntum sem eru ekki ætlaðar til mannelis innan Sambandsins og ekki hefur verið tilkynnt um að notkun sé leyfð í þriðju löndum og með tilliti til náttúrulegra gilda indólýlsmjörksýru í plöntum þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa við gildi sem er ekki yfir náttúrulegu gildunum en er samt öruggt fyrir neytendur.
- 7) Að því er varðar petoxamíð lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ⁽⁷⁾. Hún mælti með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa.
- 8) Að því er varðar pírimíkarb lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar ⁽⁸⁾. Hún lagði til að skilgreiningu á leifum fyrir plöntuafurðir, alifugla og fuglsegg verði breytt. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir möndlur, hestakastaniur, heslihnetur, valhnetur, trjámisþilsaldin, dúnepli, jarðarber, ylliber, kartöflur, kassava, sætar kartöflur, mjólrótarhnýði, örvarrætur, rauðrófur, gulrætur, hnúðsillu, piparrót, ætihnúða, nípur, steinseljurætur, hreðkur, hafursrætur, gulrófur, næpur, hvítlauk, lauka, tómata, paprikur, eggaldin, okkur, sykurmaís, höfuðkál, salat, spínat, kerfil, graslauk, blöð af selleríi, steinselju, salvíu, rósmarín, timjan, basilíku, lárviðarlauf, fánisgras, ertur (ferskar, án fræbelgs), spergla, fennikur, baunir (þurrkaðar) linsubaunir (þurrkaðar), ertur (þurrkaðar), lúpínubaunir (þurrkaðar, valmúafra, sólblómufra, akurdoðru, byggkorn, bókhveitikorn, maiskorn, hirsikorn, hafrakorn, rúgkorn, dúrrukorn, hveitikorn, sykurrófur (rætur), kaffifílsrætur, alifugla (kjöt, fitu og lifur)

⁽⁴⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for flutriafol according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3687

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

⁽⁶⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/941/EB frá 8. desember 2008 um að færa tiltekin virk efni ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuvarnarmörkum sem innihalda þessi efni (Stjtið. ESB L 335, 13.12.2008, bls. 91).

⁽⁷⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for pethoxamid according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(7), 3749

⁽⁸⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for pírimíkarb according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3688.

og fuglsegg. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir epli, perur, kveði, kirsuber, ferskjur, brómber, daggarber, hindber, melónur, vatnsmelónur, rósakál, grænkál, breiðblaða salatfífla, blaðbeðju, jólasalat, baunir (ferskar, með fræbelg), ertur (ferskar, með fræbelg), salatþistla, sellerí, hörfræ, repjufræ, mustarðsfræ, hjólkrónur, jurtate (þurrkað, úr blómum, blöðum og rótum) og fyrir allar afurðir úr dýraríkinu, að undanskildum alifuglaafurðum og fuglseggjum, og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ekki væru fyrir hendi nægilegar upplýsingar varðandi vínber til neyslu og vínþrúgur og krydd úr ávöxtum og berjum til að leiða af þeim hámarksgildi leifa, engin CXL-hámarksgildi væru fyrir hendi og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Að því er varðar þessar afurðir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að ekki væru heldur fyrir hendi nægilegar upplýsingar varðandi hámarksgildi leifa fyrir hnúðkál, baunir (ferskar, án fræbelgs), linsubaunir (ferskar) og krydd (úr fræjum) til að leiða af þeim hámarksgildi leifa. Þó eru CXL-hámarksgildi fyrir hendi og þau hafa ekki í för með sér neina áhættu fyrir neytendur. Í þeim tilvikum ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við CXL-hámarksgildin. Matvælaöryggisstofnunin benti einnig á að gildandi hámarksgildi leifa fyrir blómkál, spergilkál, kínakál, grænkál og blaðlauka kunni að gefa tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Fastsetja ætti hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir við gildi sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint, sem er leitt út frá gildandi CXL-hámarksgildum og sem hefur ekki í för með sér áhættu fyrir neytendur, eða við staðlað hámarksgildi leifa eins og það er sett fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

- 9) Að því er varðar próþiókónasól lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, í tengslum við 1. mgr. 12. gr. sömu reglugerðar⁽⁹⁾. Hún lagði til að skilgreiningu á leifum, bæði fyrir plöntuafurðir og afurðir úr dýraríkinu, verði breytt. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir rauðrófur, gulrætur, piparrót, nípur, steinseljurætur, hafursrætur, gulrófur, næpur, lauka, spergilkál, blómkál, rósakál, höfuðkál, blaðlauka, baunir (þurrkaðar), linsubaunir (þurrkaðar), ertur (þurrkaðar), lúpínubaunir (þurrkaðar), hörfræ, jarðhnetur, valmúafær, repjufræ, mustarðsfræ, akurdoðru, byggkorn, hafrakorn, rúgkorn, hveitikorn og fyrir allar afurðir úr dýraríkinu og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin benti einnig á að gildandi hámarksgildi leifa fyrir próþiókónasól í sykurrófum kunni að gefa tilefni til áhyggna að því er varðar neytendavernd. Að því er varðar þessa afurð ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa eins sett er fram í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005. Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir notkun próþiókónasóls á skalottlauka var sótt um, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á umsóknina og matsskýrsluna og mælti með því í rökstuddu álitinu⁽¹⁰⁾ að hækka gildandi hámarksgildi leifa. Hinn 11. júlí 2015 samþykkti Alþjóðamatvælaáskráráðið nýtt CXL-hámarksgildi fyrir trönuber, maís, kartöflur, sojabauunir (þurrkaðar) og sykurmaís⁽¹¹⁾. Því ætti að tilgreina þessi CXL-hámarksgildi í reglugerð (EB) nr. 396/2005 sem hámarksgildi leifa. Þessi CXL-hámarksgildi eru örugg fyrir neytendur í Sambandinu⁽¹²⁾.
- 10) Að því er varðar teflúbensúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005⁽¹³⁾. Hún mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir plómur og kartöflur. Að því er varðar aðrar afurðir mælti hún með því að hækka gildandi hámarksgildi leifa eða viðhalda þeim. Hún komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir epli, tómata, rósakál, höfuðkál og fyrir allar afurðir úr dýraríkinu og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka

⁽⁹⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014 „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for prothioconazole according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3689.

⁽¹⁰⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2015 „Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level (MRL) for prothioconazole in shallots“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(5), 4105.

⁽¹¹⁾ Skýrsla um þritugasta og áttunda fund sameiginlegrar áætlunar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálas-
tofnumarinnar um matvælastaðla, Alþjóðamatvælaáskráráðið, Genf, Sviss, 6.-11. júlí 2015. (<http://www.codexalimentarius.org/meetings-reports/en/?sortingDate=012015>)

⁽¹²⁾ Scientific support for preparing an EU position for the 47th Session of the Codex Committee on Pesticide Residues (CCPR). *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(7), 4208.

⁽¹³⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu 2014 „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels (MRLs) for teflubenzuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(4), 3664.

við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Þessi hámarksgildi verða endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir höfuðkál og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessa afurð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við CXL-hámarksgildið sem er öruggt fyrir neytendur í Sambandinu.

- 11) Að því er varðar plöntuafurðir og afurðir úr dýraríkinu þar sem leyfi, innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi liggja ekki fyrir ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við sérstök magngreiningarmörk eða við staðlað hámarksgildi leifa í samræmi við b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 12) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Niðurstöður þessara rannsóknarstofa að því er varðar nokkur efni voru þær að tækniþróun krefjist þess að fastsett séu sérstök magngreiningarmörk fyrir tiltekna afurðir. Á grundvelli rökstuddra álita Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 13) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 14) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 15) Til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag vegna afurða sem hafa verið framleiddar á löglegan hátt áður en hámarksgildum leifa var breytt og þar sem upplýsingar sýna að öflugri neytendavernd sé viðhaldið.
- 16) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Að því er varðar virk efni í og á afurðum sem eru tilgreind í eftirfarandi skrá gildir reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, áfram um afurðir sem voru framleiddar á lögmætan hátt fyrir 16. ágúst 2016:

- 1) 1-metýlsýklóprópen, flóníkamíð, flútríafól, indólýledíkýra, indólýlsmjörýra, petoxamíð og teflúbensúrón: allar afurðir,
- 2) pírimíkarb: allar afurðir, að undanskildum blómkáli, spergilkáli, kínakáli, grænkáli og blaðlaukum,
- 3) próþíókónasól: allar afurðir að undanskildum sykurrófum.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. ágúst 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað dálkanna fyrir 1-metýlsýklóprópen og petoxamíð komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenni- númer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (*)	1-metýlsýklóprópen	Petoxamíð
1)	2)	3)	4)
0100000	NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR		0,01 (*)
0110000	Sítrusávéxtir	0,01 (*)	
0110010	Greipaldin		
0110020	Appelsínur		
0110030	Sítrónur		
0110040	Súraldin		
0110050	Mandarínur		
0110990	Annað		
0120000	Trjáhnetur	0,02 (*)	
0120010	Möndlur		
0120020	Parahnetur		
0120030	Kasúhnetur		
0120040	Hestakastaníuhnetur		
0120050	Kókoshnetur		
0120060	Heslihnetur		
0120070	Goðahnetur		
0120080	Pekanhnetur		
0120090	Furuhnetukjarnar		
0120100	Pistasíuhnetur		
0120110	Valhnetur		
0120990	Annað		
0130000	Kjarnaávéxtir	0,01 (*)	
0130010	Epli	(+)	
0130020	Perur		
0130030	Kveði		
0130040	Trjámispilsaldin		
0130050	Dúnepli/japansplómur		
0130990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0140000	Steinaldin	0,01 (*)	
0140010	Apríkósur		
0140020	Kirsuber (sæt)		
0140030	Ferskjur		
0140040	Plómur		
0140990	Annað		
0150000	Ber og smá aldin	0,01 (*)	
0151000	a) <i>Þrúgur</i>		
0151010	Vinber til neyslu		
0151020	Vinþrúgur		
0152000	b) <i>Jarðarber</i>		
0153000	c) <i>Klungurber</i>		
0153010	Brómber		
0153020	Daggarber		
0153030	Hindber (rauð og gul)		
0153990	Annað		
0154000	d) <i>Önnur smá aldin og ber</i>		
0154010	Bláber		
0154020	Trönuber		
0154030	Rífsber (rauð og hvít) og sólber		
0154040	Stíkilsber (græn, rauð og gul)		
0154050	Rósaldin		
0154060	Mórber (svört og hvít)		
0154070	Eplapýrniber/Miðjarðarhafstrjámissaldin		
0154080	Ylliber		
0154990	Annað		
0160000	Ýmis aldin með	0,01 (*)	
0161000	a) <i>Ætu hýði</i>		
0161010	Döðlur		
0161020	Fíkjur		
0161030	Ólífur til átu		
0161040	Gullappelsínur		
0161050	Stjörnualdin		
0161060	Gallaldin		
0161070	Jövuplómur		
0161990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0162000	b) <i>Óætu hýði, lítil</i>		
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)		
0162020	Litkaber		
0162030	Píslaraldin		
0162040	Kaktusfíkjur		
0162050	Stjörmuepli		
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí		
0162990	Annað		
0163000	c) <i>Óætu hýði, stór</i>		
0163010	Lárperur		
0163020	Bananar	(+)	
0163030	Mangó		
0163040	Papæjaldin		
0163050	Granatepli		
0163060	Morgunberkjur		
0163070	Gvövur		
0163080	Ananas		
0163090	Brauðaldin		
0163100	Dáraaldin		
0163110	Nónberkjur		
0163990	Annað		
0200000	NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI		
0210000	Rótarávéxtir og hnýði	0,01 (*)	0,01 (*)
0211000	a) <i>Kartöflur</i>		
0212000	b) <i>Hitabeltisrótarávéxtir og -hnýði</i>		
0212010	Kassavarætur		
0212020	Sætar kartöflur		
0212030	Mjölrótarhnýði		
0212040	Örvarrætur		
0212990	Annað		
0213000	c) <i>Aðrir rótarávéxtir og hnýði, að sykkurrófum undanskildum</i>		
0213010	Rauðrófur		
0213020	Gulrætur		
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí		
0213040	Piparrót		
0213050	Ætisólblóm		
0213060	Nípur		
0213070	Steinseljurætur		
0213080	Hreðkur		

1)	2)	3)	4)
0213090	Hafursrætur		
0213100	Gulrófur		
0213110	Næpur		
0213990	Annað		
0220000	Laukar	0,01 (*)	0,01 (*)
0220010	Hvítlaukur		
0220020	Laukar		
0220030	Skalottlaukar		
0220040	Vorlaukar og pípulaukar		
0220990	Annað		
0230000	Aldingrænmeti	0,01 (*)	0,01 (*)
0231000	a) <i>Náttskuggaætt</i>		
0231010	Tómatar		
0231020	Paprikur		
0231030	Eggaldin		
0231040	Okrur		
0231990	Annað		
0232000	b) <i>Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</i>		
0232010	Gúrkur		
0232020	Smágúrkur		
0232030	Dvergbítar		
0232990	Annað		
0233000	c) <i>Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</i>		
0233010	Melónur		
0233020	Risagrasker		
0233030	Vatnsmelónur		
0233990	Annað		
0234000	d) <i>Sykurmaís</i>		
0239000	e) <i>Annað aldingrænmeti</i>		
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	0,01 (*)	0,01 (*)
0241000	a) <i>Blómstrandi kál</i>		
0241010	Spergilkál		
0241020	Blómkál		
0241990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0242000	b) <i>Kálfhöfuð</i>		
0242010	Rósakál		
0242020	Höfuðkál		
0242990	Annað		
0243000	c) <i>Blaðkál</i>		
0243010	Kínakál		
0243020	Grænkál		
0243990	Annað		
0244000	d) <i>Hnúðkál</i>		
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm		
0251000	a) <i>Salat og salatplöntur</i>	0,01 (*)	0,01 (*)
0251010	Vorsalat/strábrúða		
0251020	Salat		
0251030	Breiðblaða salatfíflar		
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar		
0251050	Vetrarkarsi		
0251060	Klettsalat		
0251070	Sinnepskál		
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)		
0251990	Annað		
0252000	b) <i>Spínat og áþekkt blöð</i>	0,01 (*)	0,01 (*)
0252010	Spínat		
0252020	Súpugull		
0252030	Blaðbeðjur		
0252990	Annað		
0253000	c) <i>Vínviðarlauf og áþekktar tegundir</i>	0,01 (*)	0,01 (*)
0254000	d) <i>Brunnperla</i>	0,01 (*)	0,01 (*)
0255000	e) <i>Jólasalat/salatfíflar</i>	0,01 (*)	0,01 (*)
0256000	f) <i>Kryddjurtir og æt blóm</i>	0,02 (*)	0,02 (*)
0256010	Kerfill		
0256020	Graslaukur		
0256030	Blöð af selleríi		
0256040	Steinselja		
0256050	Salvía		

1)	2)	3)	4)
0256060	Rósmarín		
0256070	Garðablóðberg		
0256080	Basilíka og æt blóm		
0256090	Lárviðarlauf		
0256100	Fáfnisgras		
0256990	Annað		
0260000	Belgávextir	0,01 (*)	0,01 (*)
0260010	Baunir (með fræbelg)		
0260020	Baunir (án fræbelgs)		
0260030	Ertur (með fræbelg)		
0260040	Ertur (án fræbelgs)		
0260050	Linsubaunir		
0260990	Annað		
0270000	Stöngulgrænmeti	0,01 (*)	0,01 (*)
0270010	Sperglar		
0270020	Salatþistlar		
0270030	Sellerí		
0270040	Hnúðfennikur		
0270050	Ætiþistlar		
0270060	Blaðlaukar		
0270070	Rabarbarar		
0270080	Bambussprotar		
0270090	Pálmakjarnar		
0270990	Annað		
0280000	Sveppir, mosar og skófir	0,01 (*)	0,01 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir		
0280020	Villtir sveppir		
0280990	Mosar og skófir		
0290000	Þörungur og dreifkjörnungslifverur	0,01 (*)	0,01 (*)
0300000	BELGÁVEXTIR	0,01 (*)	0,01 (*)
0300010	Baunir		
0300020	Linsubaunir		
0300030	Ertur		
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir		
0300990	Annað		
0400000	OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN	0,02 (*)	0,01 (*)
0401000	Olíufræ		
0401010	Höfræ		
0401020	Jarðhnetur		
0401030	Valmúufræ		
0401040	Sesamfræ		

1)	2)	3)	4)
0401050	Sólblómafræ		
0401060	Repjufræ		
0401070	Sojabaunir		
0401080	Mustarðsfræ		
0401090	Baðmullarfræ		
0401100	Risagraskersfræ		
0401110	Litunarþistilsfræ		
0401120	Hjólkrónufræ		
0401130	Akurdoðrufræ		
0401140	Hampfræ		
0401150	Kristpálmafræ		
0401990	Annað		
0402000	Ólífurik aldin		
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu		
0402020	Oliupálmakjarnar		
0402030	Oliupálmaaldin		
0402040	Dúnviðaraldin		
0402990	Annað		
0500000	KORNTÉGUNDIR	0,01 (*)	0,01 (*)
0500010	Bygg		
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir		
0500030	Mais		
0500040	Hirsi		
0500050	Hafrar		
0500060	Hrisgrjón		
0500070	Rúgur		
0500080	Dúrra		
0500090	Hveiti		
0500990	Annað		
0600000	TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ	0,05 (*)	0,05 (*)
0610000	Te		
0620000	Kaffibaunir		
0630000	Jurtate úr:		
0631000	a) <i>Blómum</i>		
0631010	Gæsajurt		
0631020	Læknakólfur		
0631030	Rósir		
0631040	Jasmína		
0631050	Lindiblóm		
0631990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0632000	b) <i>Blöðum og kryddjurtum</i>		
0632010	Jarðarber		
0632020	Rauðrunnalauf		
0632030	Indíánaþyrnislauf		
0632990	Annað		
0633000	c) <i>Rótum</i>		
0633010	Garðabrúða		
0633020	Ginseng		
0633990	Annað		
0639000	d) <i>Öðrum plöntuhlutum</i>		
0640000	Kakóbaunir		
0650000	Jóhannesarbrauð		
0700000	HUMLAR	0,05 (*)	0,05 (*)
0800000	KRYDD		
0810000	Krydd úr fræjum	0,05 (*)	0,05 (*)
0810010	Anís/anísfræ		
0810020	Ilmfrú		
0810030	Sellerí		
0810040	Kóriander		
0810050	Kúmín		
0810060	Dill		
0810070	Fenníkur		
0810080	Grikkjasmári		
0810090	Múskat		
0810990	Annað		
0820000	Aldinkrydd	0,05 (*)	0,05 (*)
0820010	Allrahanda		
0820020	Kínapipar		
0820030	Kúmen		
0820040	Kardimommur		
0820050	Einiber		
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)		
0820070	Vanilla		
0820080	Tamarind		
0820990	Annað		
0830000	Barkarkrydd	0,05 (*)	0,05 (*)
0830010	Kanill		
0830990	Annað		

1)	2)	3)	4)
0840000	Krydd úr rótum og jarðstönglum		
0840010	Lakkrís	0,05 (*)	0,05 (*)
0840020	Engifer	0,05 (*)	0,05 (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)	0,05 (*)
0840040	Piparrót	(+)	(+)
0840990	Annað	0,05 (*)	0,05 (*)
0850000	Blómhappakrydd	0,05 (*)	0,05 (*)
0850010	Negull		
0850020	Kapers		
0850990	Annað		
0860000	Frævakrydd	0,05 (*)	0,05 (*)
0860010	Saffran		
0860990	Annað		
0870000	Frækápukrydd	0,05 (*)	0,05 (*)
0870010	Múskatblóm		
0870990	Annað		
0900000	SYKURPLÖNTUR	0,01 (*)	0,01 (*)
0900010	Sykkurrófurætur		
0900020	Sykkurreyr		
0900030	Kaffifílsrætur		
0900990	Annað		
1000000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR		
1010000	Vefir:	0,01 (*)	0,01 (*)
1011000	a) <i>Svín</i>		
1011010	Vöðvi		
1011020	Fituvefur		
1011030	Lifur		
1011040	Nýru		
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1011990	Annað		
1012000	b) <i>Nautgripir</i>		
1012010	Vöðvi		
1012020	Fituvefur		
1012030	Lifur		
1012040	Nýru		
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1012990	Annað		

1)	2)	3)	4)
1013000	c) <i>Sauðfé</i>		
1013010	Vöðvi		
1013020	Fituvefur		
1013030	Lifur		
1013040	Nýru		
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1013990	Annað		
1014000	d) <i>Geitur</i>		
1014010	Vöðvi		
1014020	Fituvefur		
1014030	Lifur		
1014040	Nýru		
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1014990	Annað		
1015000	e) <i>Hestar</i>		
1015010	Vöðvi		
1015020	Fituvefur		
1015030	Lifur		
1015040	Nýru		
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1015990	Annað		
1016000	f) <i>Alifuglar</i>		
1016010	Vöðvi		
1016020	Fituvefur		
1016030	Lifur		
1016040	Nýru		
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1016990	Annað		
1017000	g) <i>Önnur alin landdýr</i>		
1017010	Vöðvi		
1017020	Fituvefur		
1017030	Lifur		
1017040	Nýru		
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		
1017990	Annað		

1)	2)	3)	4)
1020000	Mjólk	0,01 (*)	0,01 (*)
1020010	Nautgripir		
1020020	Sauðfé		
1020030	Geitur		
1020040	Hestar		
1020990	Annað		
1030000	Fuglsegg	0,01 (*)	0,01 (*)
1030010	Hænsni		
1030020	Endur		
1030030	Gæsir		
1030040	Kornhænur		
1030990	Annað		
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir	0,05 (*)	0,05 (*)
1050000	Froskdýr og skriðdýr	0,01 (*)	0,01 (*)
1060000	Landhryggleysingjar	0,01 (*)	0,01 (*)
1070000	Vilt landhryggdýr	0,01 (*)	0,01 (*)

(*) Neðri greiningarmörk

(**) Samsetning varnarefna/kóða sem hámarksgildi leifa, eins og sett er fram í B-hluta III. viðauka, gilda um.

(*) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

1-metýlsýklóprópen

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um rannsóknir með geislamerktum efnum og prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 27. janúar 2018 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0130010 Epli

0163020 Bananar

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hnýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót

Petoxamíð

(+) Gildandi hámarksgildi leifa fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í flokknum krydd (kenninúmer 0840040) er það sem fastsett hefur verið fyrir piparrót (*Armoracia rusticana*) í grænmetisflokki, rótar- og hnýðisgrænmetisflokki (kenninúmer 0213040) að teknu tilliti til breytinga á gildum eftir vinnslu (þurrkun) skv. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

0840040 Piparrót“

b) Eftirfarandi dálkar bætist við fyrir flóníkamið, flútríafól, pírimíkarb, próbíókónasól og teflúbensúrón:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenni- númer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um (*)	Flóníkamið: summa flóníkamiðs, TFNA og TFNG, gefin upp sem flóníkamið (R)	Flútríafól	Pírimíkarb (R)	Próbíókónasól: próbíókónasóldesþjó (summa hverfna) (F)	Teflúbensúrón (F)
1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)
0100000	NÝ EDA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR					
0110000	Sítrusáxvextir	0,15 (+)	0,01 (*)	3	0,01 (*)	0,01 (*)
0110010	Greipaldin					
0110020	Appelsínur					
0110030	Sítrónur					
0110040	Súraldin					
0110050	Mandarínur					
0110990	Annað					
0120000	Trjáhnetur	0,06 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)	0,02 (*)
0120010	Möndlur					
0120020	Parahnetur					
0120030	Kasúhnetur					
0120040	Hestakastaníuhnetur					
0120050	Kókoshnetur					
0120060	Heslihnetur					
0120070	Goðahnetur					
0120080	Pekanhnetur					
0120090	Furuhnetukjarnar					
0120100	Pistasíuhnetur					
0120110	Valhnetur					
0120990	Annað					
0130000	Kjarnaáxvextir	0,3	0,4 (+)		0,01 (*)	1
0130010	Epli			0,5 (+)		(+)
0130020	Perur			0,5 (+)		
0130030	Kveði			1,5 (+)		
0130040	Trjámispilsaldin			1		
0130050	Dúnepli/japansplómur			1		
0130990	Annað			0,01 (*)		

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)
0140000	Steinaldin				0,01 (*)	
0140010	Apríkósur	0,03 (*)	0,01 (*)	3		0,01 (*)
0140020	Kirsuber (sæt)	0,4 (+)	1	5 (+)		0,01 (*)
0140030	Ferskjur	0,4	0,6	1,5 (+)		0,01 (*)
0140040	Plómur	0,3 (+)	0,4	3		0,1 (*)
0140990	Annað	0,03 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)
0150000	Ber og smá aldin	0,03 (*)				0,01 (*)
0151000	a) <i>Þrúgur</i>			0,01 (*)	0,01 (*)	
0151010	Vínber til neyslu		0,8			
0151020	Vínþrúgur		1,5 (+)			
0152000	b) <i>Jarðarber</i>		0,5 (+)	1,5	0,01 (*)	
0153000	c) <i>Klungurber</i>		0,01 (*)	4 (+)	0,01 (*)	
0153010	Brómber					
0153020	Daggarber					
0153030	Hindber (rauð og gul)					
0153990	Annað					
0154000	d) <i>Önnur smá aldin og ber</i>		0,01 (*)	1		
0154010	Bláber				0,01 (*)	
0154020	Trönuber				0,15	
0154030	Rífsber (rauð og hvít) og sólber				0,01 (*)	
0154040	Stíkilsber (græn, rauð og gul)				0,01 (*)	
0154050	Rósaldin				0,01 (*)	
0154060	Mórber (svört og hvít)				0,01 (*)	
0154070	Eplabyrniber/Miðjarðarhafstrjámspilsaldin				0,01 (*)	
0154080	Ylliber				0,01 (*)	
0154990	Annað				0,01 (*)	
0160000	Ýmis aldin með	0,03 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0161000	a) <i>Ætu hýði</i>		0,01 (*)			
0161010	Döðlur					
0161020	Fíkjur					
0161030	Ólífur til átu					
0161040	Gullappelsínur					
0161050	Stjörnualdin					
0161060	Gallaldin					
0161070	Jövuplómur					
0161990	Annað					

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)
0162000	b) <i>Óætu hýði, lítil</i>		0,01 (*)			
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)					
0162020	Litkaber					
0162030	Píslaraldin					
0162040	Kaktusfikjur					
0162050	Stjörnuepli					
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí					
0162990	Annað					
0163000	c) <i>Óætu hýði, stór</i>					
0163010	Lárperur		0,01 (*)			
0163020	Bananar		0,3			
0163030	Mangó		0,01 (*)			
0163040	Papæjaldin		0,01 (*)			
0163050	Granatepli		0,01 (*)			
0163060	Morgunberkjur		0,01 (*)			
0163070	Gvövrur		0,01 (*)			
0163080	Ananas		0,01 (*)			
0163090	Brauðaldin		0,01 (*)			
0163100	Dáraaldin		0,01 (*)			
0163110	Nónberkjur		0,01 (*)			
0163990	Annað		0,01 (*)			
0200000	NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI					
0210000	Rótarárvextir og hnýði			0,05		
0211000	a) <i>Kartöflur</i>	0,09	0,01 (*)		0,02 (*)	0,05
0212000	b) <i>Hítabeltisrótarárvextir og -hnýði</i>	0,03 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0212010	Kassavarætur					
0212020	Sætar kartöflur					
0212030	Mjölrótarhnýði					
0212040	Örvarrætur					
0212990	Annað					
0213000	c) <i>Aðrir rótarárvextir og hnýði, að sykkurófum undanskildum</i>	0,03 (*)				0,01 (*)
0213010	Rauðrófur		0,06 (+)		0,1 (+)	
0213020	Gulrætur		0,01 (*)		0,1 (+)	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí		0,01 (*)		0,01 (*)	
0213040	Piparrót		0,01 (*)		0,1 (+)	
0213050	Ætisólblóm		0,01 (*)		0,01 (*)	
0213060	Nípur		0,01 (*)		0,1 (+)	
0213070	Steinseljurætur		0,01 (*)		0,1 (+)	
0213080	Hreðkur		0,01 (*)		0,01 (*)	

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)
0213090	Hafursrætur		0,01 (*)		0,1 (+)	
0213100	Gulrófur		0,01 (*)		0,1 (+)	
0213110	Næpur		0,01 (*)		0,1 (+)	
0213990	Annað		0,01 (*)		0,01 (*)	
0220000	Laukar	0,03 (*)	0,01 (*)			0,01 (*)
0220010	Hvítlaukur			0,1	0,01 (*)	
0220020	Laukar			0,1	0,05 (+)	
0220030	Skalottlaukar			0,01 (*)	0,05 (+)	
0220040	Vorlaukar og pipulaukar			0,01 (*)	0,01 (*)	
0220990	Annað			0,01 (*)	0,01 (*)	
0230000	Aldingrænmeti					
0231000	a) <i>Náttskuggaett</i>			0,5	0,01 (*)	1,5
0231010	Tómatar	0,5 (+)	0,6 (+)			(+)
0231020	Paprikur	0,3	1			
0231030	Eggaldin	0,5 (+)	0,01 (*)			
0231040	Okrur	0,03 (*)	0,01 (*)			
0231990	Annað	0,03 (*)	0,01 (*)			
0232000	b) <i>Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</i>	0,5	0,01 (*)	1	0,01 (*)	
0232010	Gúrkur					0,5
0232020	Smágúrkur					1,5
0232030	Dvergbítar	(+)				0,5
0232990	Annað					0,5
0233000	c) <i>Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</i>	0,4 (+)			0,01 (*)	0,01 (*)
0233010	Melónur		0,2 (+)	0,4 (+)		
0233020	Risagrasker		0,01 (*)	1		
0233030	Vatnsmelónur		0,2 (+)	0,5 (+)		
0233990	Annað		0,01 (*)	0,01 (*)		
0234000	d) <i>Sykurmaís</i>	0,03 (*)	0,01 (*)	0,05	0,02	0,01 (*)
0239000	e) <i>Annað aldingrænmeti</i>	0,03 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)		0,01 (*)			
0241000	a) <i>Blómstrandí kál</i>	0,03 (*)		0,5	0,05 (+)	0,01 (*)
0241010	Spergilkál					
0241020	Blómkál					
0241990	Annað					

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)
0242000	b) <i>Kálhöfuð</i>					
0242010	Rósakál	0,6		0,6 (+)	0,1 (+)	0,5 (+)
0242020	Höfuðkál	0,03 (*)		0,5	0,09 (+)	0,2 (+)
0242990	Annað	0,03 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0243000	c) <i>Blaðkál</i>	0,03 (*)			0,01 (*)	0,01 (*)
0243010	Kínakál			0,5		
0243020	Grænkál			0,3 (+)		
0243990	Annað			0,01 (*)		
0244000	d) <i>Hnúðkál</i>	0,03 (*)		0,5	0,01 (*)	0,01 (*)
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm					
0251000	a) <i>Salat og salatplöntur</i>	0,03 (*)	0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0251010	Vorsalat/strábrúða			15		
0251020	Salat			1,5		
0251030	Breiðblaða salatfíflar			1 (+)		
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar			15		
0251050	Vetrarkarsi			15		
0251060	Klettasalat			15		
0251070	Sinnepskál			15		
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)			15		
0251990	Annað			0,01 (*)		
0252000	b) <i>Spínat og áþekk blöð</i>	0,03 (*)	0,01 (*)	0,06	0,01 (*)	0,01 (*)
0252010	Spínat					
0252020	Súpugull			(+)		
0252030	Blaðbeðjur			(+)		
0252990	Annað					
0253000	c) <i>Vínviðarlauf og áþekkar tegundir</i>	0,03 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0254000	d) <i>Brunnperla</i>	0,03 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)	0,01 (*)
0255000	e) <i>Jólasalat/salatfíflar</i>	0,03 (*)	0,01 (*)	0,05 (+)	0,01 (*)	0,01 (*)
0256000	f) <i>Kryddjurtir og æt blóm</i>	0,06 (*)	0,02 (*)		0,02 (*)	0,02 (*)
0256010	Kerfill			0,8		
0256020	Graslaukur			0,8		
0256030	Blöð af sellerí			3		
0256040	Steinselja			3		
0256050	Salvía			0,8		

1)	2)	3)	4)	5)	6)	7)
0256060	Rósmarín			0,8		
0256070	Garðablóðberg			0,8		
0256080	Basilíka og æt blóm			0,8		
0256090	Lárviðarlauf			0,8		
0256100	Fáfnisgras			0,8		
0256990	Annað			0,02 (*)		
0260000	Belgávextir		0,01 (*)		0,01 (*)	0,01 (*)
0260010	Baunir (með fræbelg)	0,03 (*)		1,5 (+)		
0260020	Baunir (án fræbelgs)	0,03 (*)		0,7		
0260030	Ertur (með fræbelg)	0,03 (*)		1,5 (+)		
0260040	Ertur (án fræbelgs)	0,7		0,7		
0260050	Linsubaunir	0,03 (*)		0,7		
0260990	Annað	0,03 (*)		0,01 (*)		
0270000	Stöngulgrænmeti	0,03 (*)	0,01 (*)			0,01 (*)
